

**Ed.**

**1015. Nefndarálit**

[123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Minni hl. félagsmálanefndar harmar þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við afgreiðslu þessa þýðingarmikla stórmáls. Enginn tími hefur gefist til nefndarstarfa, sem stafar af því að félagsmálanefnd Nd. hafði ekkert samráð við nefndina í Ed. Slíka hraðafgreiðslu átelur minni hl. harðlega.

Undirritaðir vilja þó ekki í neinu hindra framgang þessa frv. þar sem fjölmörg atriða horfa þar til bóta.

Víða er þó um fögur fyrirheit ein að ræða sem allsendis óljóst er um efndir á nú og í náinni framtíð. Fjármögnunarhliðin er hvergi nærri tryggð sem skyldi og þyrfti. Minni hl., eða einstakir nefndarmenn minni hl., munu freista þess að ná fram breytingum þeim á frv. sem taldar eru brýnastar.

Ekki er unnt að gera þessu máli nein viðhlítandi skil á svo skömmum tíma. Í nefndaráliti skal aðeins stiklað á áhersluatriðum, auk þess sem undirritaðir leggja áherslu á fjármögnunarpáttinn og betri tryggingu hans.

Vægi félagslegra íbúðabygginga í húsnæðiskerfinu verði stóraukið. Öflugur stuðningur verði veittur þeim sem nýrra leiða leita í húsnæðismálum, s. s. húsnæðissamvinnufélögum.

Viðbótaraðstoð við hinn almenna húsbyggjanda verði tryggð sem allra best, þar taki bankarnir á sig sína eðlilegu hlutdeild og þáttur lífeyrissjóðanna samræmdur húsnæðiskerfinu sem best.

Að öðru leyti áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja saman eða sjálfstætt einstakar breytingartillögur. Karl Steinar Guðnason er samþykktur þessu áliti minni hl.

Alþingi, 18. maí 1984.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.

Helgi Seljan,  
frsm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.